

## Fundur skólaráðs miðvikudaginn 6. febrúar 2025 kl. 15.00 í Patreksskóla.

Mætt: Arna Margrét, Lilja, Jónína, Maggý, Guðrún, Símon, Filip og Guðmundur Steinar.  
Elín á Teams.

1. **Foreldrakönnun.** Jónína segir gróflega frá niðurstöðum könnunnar sem send var á foreldra. Eitt af því sem mikið kom fram í henni var að foreldrar vilja fá kennarastýrð foreldraviðtöl. Það hefur því verið ákveðið innan skólans að viðtalið að hausti er nemendastýrt en viðtalið að vori er kennarastýrt en nemendur taka að sjálfsögðu þátt í því viðtali líka.

2. **Skólaþing.** Í lok mars verður skólaþing í skólanum. Umræðuefni þingsins verður m.a. umbætur á skólastarfinu. Rætt verður hvað skólinn getur gert til að gera betur. Jónína óskar því eftir hugmyndum skólaráðs að efni fyrir þingið.

- Heimanám - fá að heyra í nemendum og foreldrum varðandi það.
- Námsmat - vilja foreldrar eða nemendur fá betri útskýringar á því
- Askurinn (Learncove) - skoða það betur með foreldrum/kynna það aftur
- Lífsleiknikennsla - gildi þjóðfélagsins (taka eitt gildi á viku eða mánuði). Gott að rifja þau upp með nemendum.
- Þátttaka foreldra í skólastarfinu - óhagstæðar tímasetningar? Of mikið af viðburðum?

3. **Skóladagatal 2024 – 2025.** Farið yfir skóladagatal þessa skólaárs til þess að koma með tillögur fyrir skóladagatal næsta skólaárs. Tillögur fundarins eru eftirfarandi:

- Vetrarfrí að vori fimmtudag og föstudag eftir öskudag (19. - 20. febrúar 2026).
- Skoða starfsdagana – hafa einhverja í miðri viku t.d.

#### 4. **Önnur mál.**

- Snjómokstur á tröppunum upp frá kirkjunni. Jónína fer yfir snjómokstursplan skólans. Skólinn sér um ákveðin svæði á lóðinni og áhaldahúsið ákveðin svæði. Snjómokstursplanið er í enduskoðun hjá Magnúsi, verkefnastjóra hjá Vesturbyggð. Einnig bent á að það vanti handrið við eitthvað af tröppunum.

- Frístund verður opin hálfan daginn fram að sumarfrí leikskóla.

Fundi slitið kl. 15.45

Fundarritari: Arna Margrét Arnardóttir